

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Kjósarhreppi.

*Frístundabyggð Brekkna, Möðruvöllum 1, breyting á deiliskipulagi.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 6. september 2022 breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Brekkna, Möðruvöllum 1.

Breyting deiliskipulagsins tekur til þess að breyta þremur lóðum úr frístundalóðum í íbúðarlóðir. Þær lóðir eru Brekkur 1, 2 og 8. Breytingin varðar aðeins skipulagsuppráttinn, þ.e. engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins.

Í aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 er svæðið skilgreint sem íbúðarbyggð ÍB5b. Deiliskipulagstillagan er því í samræmi við gildandi aðalskipulag Kjósarhrepps 2019-2029.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Kjósarhreppi, 3. nóvember 2022.*

**Sigurður H. Ólafsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.